

um till. til þál. um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur að beiðni viðskiptanefndar tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum (25. mál). Nefndin kynnti sér þær umsagnir sem borist hafa um þingsályktunartillöguna. Að mati nefndarinnar gera flestir umsagnaraðilar ekki verulegar athugasemdir við tillöguna og fagna henni margir.

Markmið tillögunnar er að setja á stofn ráðgjafarstofu fyrirtækja sem eiga í greiðsluörðugleikum og aðstoða þau við endurskipulagningu rekstrar eða við að hætta rekstri.

Nefndin telur ljóst að brýn þörf er til staðar fyrir að setja á fót ráðgjafarstofu vegna greiðsluörðugleika fyrirtækja en ráðgjöf á því sviði verið fyrirtækjum hjálpleg. Slík ráðgjafarstarfsemi er líkleg til að draga úr fjölda fyrirtækja sem fara í greiðsluþrot í kjölfar fjárhagserfiðleika. Fram kemur í umsögn Creditinfo að fjöldi fyrirtækja sem lent hafa í greiðsluþroti hefur aukist um tæplega 50% á milli árána 2008 og 2009, en tæplega 30% aukning hefur orðið á fjölda gjaldþrota. Af þessu má sjá að afar mikilvægt er að koma á fót hlutlausri ráðgjöf fyrir fyrirtæki sem eru í fjárhagslegum erfiðleikum.

Fram kemur í greinargerð með tillögunni að tilvalið væri að ráðgjafarstofan starfaði með Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem veitir frumkvöðlum endurgjaldslausa handleiðslu við þróun viðskiptahugmynda. Þar er einnig hægt að leita aðstoðar vegna viðskiptahugmynda og almennan rekstur fyrirtækja. Hjá Impru/Nýsköpunarmiðstöð er veitt handleiðsla um viðvörðunarkerki í rekstri og hvað beri að forðast. Þær áherslur sem nefndar eru í þingsályktunartillögunni ganga mun lengra en núverandi þjónusta Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands nær til.

Fram kemur hjá nokkrum umsagnaraðilum að huga verði að því að nú þegar eru til fjölmörg ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfa sig í lausnum á skuldavanda fyrirtækja og endurskipulagningu þeirra. Stofnun opinberrar ráðgjafarstofu gæti því skekkt samkeppnisstöðu einkafyrirtækja á þessum markaði. Lögð hefur verið áhersla á að starfsemi Impru skarist ekki á við ráðgjafarþjónustu á samkeppnismarkaði en starfsemin fer ekki inn á starfssvið hefðbundinna rekstrarráðgjafa. Miðað við þingsályktunartillöguna verður þó gengið lengra en almennt er gert. Með hliðsjón af samkeppnissjónarmiðum telur nefndin að mikilvægt sé að skilgreina hversu langt yrði gengið í stuðningsþjónustu við einstök fyrirtæki í rekstrarvanda. Einnig þarf að liggja fyrir hversu mikla vinnu er hægt að leggja í til að greiða úr rekstrarerfiðleikum fyrirtækja og eftirfylgni við málarekstur vegna slíka mála. Nefndin telur að hagkvæmt geti talist að bæta úrræðum fyrir fyrirtæki í greiðsluörðugleikum við þjónustuna sem þegar er fyrir hendi hjá Impru í stað þess að stofna nýja stofnun til að sinna þessu hlutverki. Engu síður er vert að hafa í huga að með þátttöku á þessu sviði verður Nýsköpunarmiðstöð Íslands farin að teygja sig út fyrir kjarnastarfsemi sína og orðin meiri þátttakandi í hagsmunamálum og rekstri fyrirtækja en fordæmi eru fyrir.

Iðnaðarnefnd lýsir yfir stuðningi sínum við umrædda þingsályktunartillögu og telur fulla þörf á því að koma henni til framkvæmda. Hins vegar er nauðsynlegt að kanna hvort fela

ætti Nýsköpunarmiðstöð Íslands þetta hlutverk, hvort sem það er til frambúðar eða sem tímabundnu átaksverkefni. Útfæra þyrfti nánar hlutverk ráðgjafarstofu af þessu tagi og tryggja að það samræmist því hlutverk sem Imprá gegnir í dag. Ef tillagan nær fram að ganga er nauðsynlegt að byggja sérstaklega upp hæfni og þekkingu á þessu sviði hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Alþingi, 1. júní 2011.

Kristján L. Möller,
form. frsm.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Magnús Orri Schram.

Tryggvi Þór Herbertsson, með fyrirvara.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.

Þuríður Backman.

Jón Gunnarson, með fyrirvara.

Sigmundur Ernir Rúnarsson.